

Ed. 298. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verður 24. gr. a, svofelld:

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 5. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 5. gr. rennur í húið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að nauðsynlegt er að gera þá breytingu á lögum nr. 116/1943, sem felst í frumvarpi þessu. Með því eru tekin af tvímæli um það, hvernig að skuli fara, þegar skýra skal ákvæði nefndra laga í sambandi við hin almennu erfðalög.